

## Nefndarálit

um till. til þál. um rekstur skólaskips.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið skriflegar umsagnir um það frá Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Félagi kvótabátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands, Landsambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva og Skólastjórafélagi Íslands.

Með tillögunni er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði falið að stuðla að því að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar, vinnulag til sjós, fiskifræði og líffræði sjávarins, með sama eða svipuðu sniði og gert var um borð í rannsóknaskipinu Dröfn RE í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur nú fengið frá sjávarútvegsráðuneytinu gerði ráðuneytið hinn 25. febrúar sl. samning við einkaaðila um að taka að sér siglingar með nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskólanna og verður rannsóknaskipið Dröfn RE notað í verkefnið. Fyrirkomulag verkefnisins verður með svipuðu sniði og áður og mun Hafrannsóknastofnunin annast fræðslu um borð um lífríki sjávar og Fiskifélag Íslands sjá um skipulagningu, skráningu og kynningu á verkefninu. Verkefnið hófst í apríl sl. og hafa þegar verið farnar nokkrar ferðir og verður haldið áfram í haust. Umræddur samningur tekur til allt að 30 siglingadaga á þessu ári og er ætlunin að endurskoða hann að haustsiglingum loknum.

Um leið og nefndin fagnar því að rekstur skólaskips sé hafinn á ný leggur hún áherslu á að áfram verði haldið á sömu braut og verkefninu tryggt nægilegt fjármagn til að svo megi verða. Með hliðsjón af því og í samræmi við framangreint telur nefndin rétt að leggja til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Magnús Þór Hafsteinson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2005.

Guðjón Hjörleifsson,  
form., frsm.

Einar K. Guðfinnsson.

Jóhann Ársællsson.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Jón Gunnarsson.